




BROS BOKIN

Kennsluleiðbeiningar

Höfundur: Jóna Valborg Árnadóttir
Myndskreytingar: Elsa Nielsen





TIL KENNARA

Hvernig nýtist *Brosbókin* í kennslu?

Brosbókin tekur á viðfangsefni sem oft getur reynst erfitt að ræða við ung börn. Hún var upphaflega ekki hugsuð sem kennslubók en þar sem bókin býður upp á skemmtilega nálgun á efni sem snertir okkur öll þótti það vel við hæfi að kynna *Brosbókina* fyrir kennurum í leik- og grunnskóla og auka þannig möguleika þeirra á námsefnisvali. *Brosbókin* fellur líka vel að einum grunnþætti menntunar sem skilgreindur er í aðalnámskrá grunnskólanna, heilbrigði og velferð.

Samkvæmt aðalnámskránni byggist heilbrigði á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem síðan ræðst af flóknu samspili einstaklinga, aðstæðna og umhverfis. Mikilvægt er að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi í skólum þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Leggja þarf sérstaka áherslu á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra.

Brosbókin fellur vel að því síðastnefnda því henni er ætlað að hjálpa börnum að færa tilfinningar sínar í orð. Hvað gera börn til dæmis þegar þau tyna brosinu sínu eða einhver þeim nákominn, jafnvel vinur? Með því að lesa *Brosbókina* með barninu/börnunum gefst fullorðnum, hvort sem það eru kennarar, foreldrar eða aðrir aðstandendur, einstakt tækifæri til að eiga þetta samtal við börnin, um þeirra eigin tilfinningar og annarra.

Á heimasíðu Geðhjálpur kemur fram að börn glími við sveiflur í tilfinningalífi alveg eins og fullorðnir, þá einkum vegna umhverfis og erfða. Mikilvægt sé að „kenna barni að tala um tilfinningar og hjálpa því að finna orð til að lýsa hvernig því líður á hverjum tíma.“ Það er hægt að gera með því að „[f]á barnið til að tala um hvernig það heldur að öðrum líði, t.a.m. einstaklingum eða teiknimyndapersónum í kvikmyndum eða bókum.“

www.geðhjalp.is / Geðraskanir / Geðraskanir barna

Um kennsluefnið

Kennsluefnið er hugsuð sem nokkurs konar hugmyndabanki sem hægt er að velja úr og byggja upp á fjölbreyttan hátt, allt eftir því hvað hentar hverjum kennara og hópum. Það er nógu viðamikilið svo hægt sé að nota það í þemavinnu en það er líka hnitmiðað og má nota í eitt til þrjú skipti. Efnið er ætlað að hvetja til samræðna og því mikilvægt að nægur tími gefist til þess og að hlustað sé á börnin. Gengið er út frá því að allir taki þátt og miðast kennsluáðferðirnar við það. Notast er við umræðu- og spurnaraðferðir, hópvinnuverkefni, ritun og leikræna tjáningu.

Markmið

Meginmarkmiðið með *Brosbókinni* er, ásamt því að fá nemendur til að tjá sig, að efla ímyndunarafl og skerpa athyglisgáfu, fá nemendur til að setja sig í spor annarra og stuðla að samkennd og samvinnu. Það er nefnilega svo magnað að þrátt fyrir að við séum ólík hvert á sinn hátt eigum við það sameiginlegt að við höfum öll margvíslegar tilfinningar, óháð kyni, aldri eða búsetu. Við tökumst hins vegar á við aðstæður á mismunandi hátt og tjáum okkur á mismunandi vegu. Reitt barn getur til dæmis verið óttaslegið barn. Þetta gerir okkur einstök og ber að virða.

Nánar um *Brosbókina*

Þegar Sóla tynir brosinu sínu á dularfullan hátt hefur það áhrif á alla, ekki bara Sólu sjálfa. Eðlilega verður hún svolítið úrill svona broslaus og þá rjúka foreldrarnir til og vilja gera allt svo stelpa þeirra verði glöð á ný. Brosleysi Sólu hefur líka áhrif út í „samfélagið“. Allir þegnar fjarlæga ríkisins sem notið höfðu góðs af brosmildi Sólu finna sig knúna til að leita að brosinu. Í öllu óðagotinu og áhyggjum fullorðna fólksins er mikilvægt að minna á að það er vissulega eðlilegt að verða dapur einstaka sinnum og kannski er óþarfi að gera eitthvað stórbrotið til að finna gleðina á ný. Oft getur þetta bara verið spurning um að fá tíma til að jafna sig. Hver og einn verður að finna sína leið þótt vissulega geti verið gott að fá smá aðstoð frá foreldrum eða kennurum þegar maður er lítill.

Um höfundana

Jóna Valborg Árnadóttir er með M.Paed. gráðu í íslensku og kennslufræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur samið kennslufni til eigin notkunar í íslensku-, lífsleikni- og leiklistarkennslu. M.Paed. ritgerð hennar fjallar um kvenhetjur í gömlum ævintýrum og nýjum og ber hún heitið *Rauðhetta gleypir Öskubusku*. Jóna stundar nú meistaranám í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.

Elsa Nielsen útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands og hefur síðastliðin þrettán ár starfað sem hönnunarstjóri á auglýsingastofum. Hún hefur hlotið margar viðurkenningar og verðlaun fyrir grafíska hönnun. Elsa hefur einnig haldið fjölda sýninga á myndlistarverkum sínum.

Um myndskreytingarnar

Brosbókin er ríkulega myndskreytt og er myndunum ætlað að ýta undir ímyndunarafl lesenda og oftast en ekki vísa þær út fyrir sjálfan textann og geta þannig skapað önnur hugrenningartengsl. Því er um að gera að staldra við myndirnar þegar ástæða þykir til og ef börnin kalla eftir því.

Vísun í klassísku ævintýrin

Brosbókin er lítið raunverulegt ævintýri sem vísar óbeint í þau klassísku. Í ævintýrinu um Sólu geta prinsessur hins vegar verið fúlar og galdranornir hjálpsamar. Þó það komi ekki fram í texta er Sóla í raun prinsessa. Hún á kórónu, en ber hana ekki alltaf á höfðinu. Samt er kórónan aldrei langt undan. Sóla er ekki dæmigerð prinsessa í útliti því hún er með úfið hár, í þrjónakjól, ósamstæðum sokkum og virðist bera kórónuna eftir hentisemi. Hún er líka gefin fyrir að safna alls kyns smáhlutum í vasana enda er hún bara venjuleg stelpa þótt hún eigi að teljast prinsessa. Útlit Sólu er ekkert atriði í sögunni, hún er til dæmis aldrei beðin um að greiða sér, laga sokkana eða setja upp kórónuna. Mikilvægara er að hún haldi í gleðina sem hefur einkennt hana allt frá fæðingu. Út frá ævintýragoðsögninni má sem dæmi velta upp spurningum um staðalímyndir, það er hugmyndir okkar um að allir sem tilheyri ákveðnum hópum séu eins. Hvaða hugmyndir höfum við til dæmis um nornir og prinsessur? Eru nornir alltaf fúlar og grimmar og prinsessur alltaf hlýðnar og góðar? Hvaðan koma þessar hugmyndir sem við höfum um ákveðna hópa og getum við breytt þeim eða haft áhrif á þær á einhvern hátt?





HUGMYNDIR AÐ KENNSLUEFNI

Miðað er við það að kennari byrji á að lesa *Brosbókina* fyrir börnin eða börnin skiptist á að lesa upp úr bókinni fyrir bekkinn. Þá getur verið gott að gefa þeim tækifæri til að undirbúa sig, til dæmis með því að lesa bókina heima eða í tíma, þá hver fyrir sig. Síðan verði farið í umræður (sjá hér að neðan) og verkefnavinnu. Sumar spurningarnar má nota sem ritunarverkefni eða hópvinnuverkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða sín á milli. Fleiri verkefni eru tilgreind á eftir spurningunum. Þau er hægt að vinna í lok umræðna eða blanda þeim inn í þær. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi, enda er kennsluefnið alls ekki tæmandi.

Til umræðu – hugmyndir að spurningum

- Hvernig líður Sólu? Hvernig sýnir hún það? Af hverju ætli henni líði þannig?
- Hvernig líður foreldrum hennar? Hvernig sést það? Af hverju líður foreldrum hennar þannig?
- Hvers vegna finnst mömmu og pabba Sólu svona mikilvægt að finna brosið hennar aftur?
- Hverjir eru allir þegnar fjarlæga ríkisins? Þekkja þeir Sólu? Hvað gerðu allir þegnar fjarlæga ríkisins þegar Sóla var búin að týna brosinu sínu? Af hverju gerðu þeir það?
- Hvaða snjallræði datt konunni á bls. 28 í hug? Hafði hún rétt fyrir sér? Er mikilvægt að segja að það hafi verið norn sem fékk hugmyndina í stað þess að sýna hana bara? Geta nornir verið góðar?
- Hver fann loks brosið? Hvar var það? Hvernig leið Sólu þegar brosið fannst? Hvernig leið foreldrum hennar? Hvernig leið öllum þegnum fjarlæga ríkisins?
- Haldið þið að Sóla eigi eftir að týna brosinu sínu aftur? Hvað bendir til þess? Haldið þið þá að hún finni það aftur? Hvað er átt við þegar sagt er í texta: „En hún lærði með tímanum að finna brosið sitt sjálf þegar henni þóknaðist“?
- Hvernig stelpa er Sóla? Lýsið henni með orðum. (Allir hjálpast að og kennari skrifar upp á töflu. Hér væri líka upplagt að nemendur ynnu í hópum, ræddu saman og settu hugmyndir sínar á blað).
- Hvers vegna er Sóla með kórónu? Er hún prinsessa? Geta prinsessur farið í fýlu? Af hverju/Af hverju ekki?
- Ef þið væruð pabbi Sólu, hvað hefðuð þið gert þegar Sóla svaraði honum svona dónalega þegar hann bauð henni í veiðiferð?
- Ef þið væruð mamma Sólu, hvað hefðuð þið gert þegar Sóla svaraði henni svona dónalega við morgunverðarborðið?
- Ef þið væruð Sóla, hvað mynduð þið gera með ekkert brosi?
- Ef þið væruð vinir Sólu, hvað hefðuð þið gert á meðan brosið hennar var týnt?
- Framan á bókarkápu stendur að *Brosbókin* sé fyrir alla þá sem hafa farið í fýlu. Hafið þið farið í fýlu? Fer fullorðna fólk í fýlu? Af hverju förum við í fýlu?
- Hvernig högum við okkur þegar við erum í fýlu?
- Hvernig högum við okkur þegar við erum glöð?
- Hvaða aðrar tilfinningar þekkið þið?
- Hvernig líður ykkur í dag?
- Hvað er að vera hamingjusamur? Hvenær eruð þið hamingjusöm? Hvað færir okkur hamingju? Er hægt að kaupa hamingju?
- Hvað merkir að týna brosinu sínu? Hafið þið týnt brosinu ykkar? Hvernig leið ykkur þá? Var það týnt lengi, í margra daga eða nokkrar mínútur?



- Hvernig funduð þið aftur brosið? Hjálpaði einhver ykkur að finna það?
- Er mikilvægt að týna ekki brosinu sínu? Af hverju/Af hverju ekki? Hvað getum við gert þegar við týnum brosinu okkar?

Verkefni

- **Leikræn tjáning og ritun**
Kennari spyr: Hvaða orð þekkið þið sem lýsir tilfinningum? Kennari skrifar orðin upp á töflu. Þetta geta verið orð eins og: Glaður, ánægður, leiður, hræddur, áhyggjufullur, vonsvikinn, kátur, sorgmæddur, dapur og svo framvegis. Því næst biður hann nemendur um að standa upp og jafnvel mynda hring. Svo biður hann nemendur um að sýna með svipbrigðum þau orð sem hann nefnir og notast þá við orðin af töflunni. Hann gæti fyrst nefnt orðið glaður, síðan dapur og svo koll af kolli, svo dæmi sé tekið. Nemendur bregðast strax við orðunum og sýna þau með svip. Kennarinn tekur að sjálfsögðu þátt.
- **Að lýsa með mynd**
Hvernig líður þér í dag? Teiknaðu mynd af þér. Hvaða orð lýsir líðan þinni í dag?
- **Leikræn tjáning**
Sóla er bekkjarsystir ykkar og kemur í skólann morguninn sem hún týndi brosinu sínu. Hvernig bregðist þið við þegar þið áttið ykkur á því að Sóla er eitthvað ólík sjálfri sér? Ræðið í hópum og setjið á „svið“. Nemendum er skipt í hópa, til dæmis sex til átta í hverjum hópi. Einn leikur Sólu, annar leikur kennarann og hinir leika nemendur. Hóparnir fá tíma til að undirbúa sig og sýna svo útkomuna fyrir framan bekkinn.
- **Leikræn tjáning og samvinna – kyrrmynd**
 - a) Hópurinn fær þau fyrirmæli að búa til stóra kyrrmynd (má hugsa sér sem ljósmynd) af *Brosbókinni*, með persónum hennar og jafnvel öðrum persónum. Einn nemandi byrjar og setur sig í stellingar fyrir eina persónu að eigin vali úr bókinni, hann frýs í stellingunni og svo bætir einn í einu við myndina. Gott að kennari gefi merki þegar næsti má fara inn og það ríki þögn á meðan myndin er unnin. Myndin þarf að segja einhverja sögu, lýsa stemningu eða uppákomu. Þetta geta verið aðstæður úr bókinni en mega líka vera einhverjar allt aðrar, til dæmis getur kyrrmyndin sýnt Sólu í skólanum eða Sólu í geimferð. Kennarinn gefur fyrirmæli um aðstæðurnar en ef hópurinn fær tækifæri til að leika þennan leik oftast en einu sinni þá mun hann að öllum líkindum öðlast færni til að skapa aðstæðurnar sjálfur. Þær persónur sem ættu að birtast á myndinni eru Sóla, mamma og pabbi, en líka hugsanlega nornin, þegnar fjarlægja ríkisins, vinir Sólu og annað sem nemendum dettur í hug. Sá sem byrjar gefur tóninn fyrir myndefnið; er hann reiður eða glaður (gott er að hvetja nemendur að sýna svipbrigði) en það er vel hægt að breyta sögunni/stemningunni ef einhverjum dettur það í hug. Segjum til dæmis að Sóla byrji og hún sé með reiðisvip. Þá getur næsti komið inn, staðið á móti henni og hlegið. Hvað segir sú mynd okkur? Sá þriðji getur komið inn og virst vera að skamma þann sem hlær. Sá nemandi sem fer inn í mynd hefur því frelsi til að bæta við myndina eða kollvarpa henni. Hér gefst nemendum tækifæri til að vinna sem ein heild, setja sig í spor annarra, bregðast við athöfnum þeirra, nota ímyndunaraflíð og átta sig á þeim möguleikum sem felast í líkams-tjáningu án orða. Þá ber að geta þess að nemendum er frjálst að standa, sitja, liggja eða hvað annað sem þeim dettur í hug, svo framarlega sem þeir segja einhverja sögu með líkamsbeitingu sinni og svipbrigðum.
 - b) Hópurinn fær þau fyrirmæli að búa til kyrrmynd út frá einu orði. Þetta geta verið orð eins og: Sigur, undrun, sorg, skemmtun, óþægilegt og hamingja. Þá er hægt að búa til eina kyrrmynd út frá einu orði og halda svo áfram með næsta orði og búa þá til nýja kyrrmynd. Börn eru ótrúlega fljót að átta sig á því hvernig á að vinna þetta og hafa mjög gaman af.



- **Leikræn tjáning og samvinna – kyrrmynd lifnar við**
Nemendur byrja á kyrrmynd sem svo öðlast líf þegar kennari gefur fyrirmæli þar um. Persónur lifna við með orðum og hreyfingum, þær tala saman. Gott er að gera þessa æfingu þegar nemendur hafa öðlast nokkra færni í að búa til kyrrmynd.
- **Ritun/leikræn tjáning**
Ímyndaðu þér að þú sért vinur/vinkona Sólu. Þú kemur í heimsókn þegar Sóla er nýbúin að týna brosinu sínu. Þig langar að fara út að leika. Skrifðu stutta sögu sem lýsir þessari heimsókn þinni til Sólu. Segðu frá því hvernig Sóla brást við þegar þú spurðir hvort hún vildi leika. Hvað gerðir þú þá? Þetta er líka vel hægt að leika.
- **Ritun**
Skrifaðu framhald sögunnar um Sólu.

